

# Starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf (kt. 660695 – 2069) á Reyðarfirði.

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## **I. ALMENN ÁKVÆÐI**

### **1.1 Rekstraraðili**

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Olíudreifingu ehf. kt. 660695 – 2069, vegna olíubirgðastöðvar við Óseyri í Reyðarfirði.

Komi nýr aðili að rekstri olíubirgðastöðvarinnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

### **1.2 Umfang starfsemi**

Í olíubirgðastöðinni er heimilt að geyma í stærsta geymi allt að 1280 m<sup>3</sup> af olíu í þró I, 1350 m<sup>3</sup> af olíu í stærsta geymi í þró II og allt að 500 m<sup>3</sup> af bensíni, með gegnumstreymi minna en 5000 tonn á ári. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

### **1.3 Mengunarvarnir**

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Besta fáanlega tækni við geymslu efna, svo sem við geymslu olíubirgða, hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques on Emissions from Storage, July 2006“.

Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.8.

### **1.4 Breytingar á rekstri**

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

### **1.5 Stöðvun rekstrar**

Verði rekstri birgðastöðvarinnar hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangsolíu og öðrum úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum, tækjum og menguðum jarðvegi í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja fyrir hjá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis og öðrum hlutaðeigandi. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun reksturs og ráðstafanir til að halda umhverfisáhrifum eftirstandandi mannvirkja í lágmarki þannig að að taka megi út frágang strax að verki loknu.

## **1.6 Endurgangsetning rekstrar**

Hafi rekstur birgðastöðvarinnar legið niðri í mánuð eða lengur eða reksturinn verið stórlega skertur, skal tilkynna eftirlitsaðila áður en stöðin verður tekin í notkun að nýju.

## **1.7 Endurskoðun starfsleyfis**

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

## **1.8. Breyttar forsendur**

Ef mengun af völdum starfseminnar reynist meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal fyrirtækið, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

## **1.9 Valdsvið og þvingunarúrræði**

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

## **1.10 Upplýsingaréttur almennings**

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

## **1.11 Annað**

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af birgðastöð, flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna, viðbragðsáætlun og rekstrarhandbók.

## **2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS**

### **2.1 Frágangur birgðageyma**

Olúgeymar skulu vera í olúheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbætti rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Umhverfisstofnun getur þó heimilað að rýmd lekavarnar sé 60% af rýmd stærsta geymis ef tiltæk er aðgengileg flotgirðing. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Um geymslu bensíns gildir einnig reglugerð nr. 188/1990, um eldfima vökva.

## **2.2 Áfylling flutningsgeyma**

Áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfall í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju.

## **2.3 Löndun olíu**

Setja skal upp og fylgja verklagslagsreglum um löndun olíu þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía smitist ekki út í umhverfið.

## **2.4 Frárennsli**

Frárennsli frá áfyllingarplani og þróum skal leitt í gegnum olíuskilju (olíuskiljur) utan lekavarnar. Olíuskilja með frárennsli til yfirborðsvatns eða sjávar skal vera af gerð I, samanber staðal nr. ÍST EN 858. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Sé frárennsli til skólþfráveitukerfis sveitarfélags má nota olíuskilju af gerð II, miðað við hámarksflæði frárennslis, að fengnu samþykki rekstraraðila fráveitukerfis. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Olía skal fjarlægð úr olíuhólfi eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum innan þróar sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum, eða búnað sjálfvirkum lokum fyrir olíu.

## **2.5 Lekavarnir**

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerða nr. 35/1994 og 188/1990. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 4.4, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppburkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

## **2.6 Úrgangur**

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þó er heimilt að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu frá birgðastöðinni.

## **2.7 Hávaði**

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá birgðastöðinni og skal hávaði í nærliggjandi íbúðabyggð vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008, um hávaða.

## **2.8 Öryggisblöð**

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

### **3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS**

#### **3.1 Skráningar**

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirtalin atriði og skulu skráningar gerðar í rekstrarhandbók og vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olúskiljur, gufusöfnunarbúnaður og yfirferð á virkni olúskilja sbr. gr. 2.4.
- Magn og gerð móttekinnar úrgangsolúu
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Þjálfun starfsmanna sbr. gr. 4.7.

#### **3.2 Eftirlitsmælingar**

Eftirfarandi mælingar skulu framkvæmdar af rekstraraðila, eftir því sem við á:

- Mæla skal olúu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftar ef vafi leikur á að kröfur í gr. 2.4 séu uppfylltar
- Kanna skal að lágmarki árlega hvernig úrtök og lausar tengingar virka
- Þrýstiprófa skal neðansjávarlagnir árlega og aðrar lagnir á 5 ára fresti
- Lekavarnir skulu prófaðar á minnst 10 ára fresti
- Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti

Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar.

#### **3.3 Rekstrarhandbók**

Í olúbirgðastöðinni skal vera rekstrarhandbók, sem liggur frammi fyrir starfsmenn og eftirlitsaðila. Í handbókina skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar í stöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olúskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti, þjálfun starfsmanna svo og annað sem skiptir máli varðandi framkvæmd mengunarvarnaeftirlits.

#### **3.4 Framkvæmd mælinga**

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

### **4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ**

#### **4.1 Starfshættir**

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem reksturinn veldur með starfsháttum sínum. Stuðlað skal að góðri nýtingu og að losun mengunarefna frá birgðastöðinni verði eins lítil og kostur er.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

#### **4.2 Samskipti**

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

### **4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi**

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

### **4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun**

Rekstraraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp. Viðbragðsáætlunin skal uppfylla ákvæði laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda og vera aðgengileg fyrir starfsmenn. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

### **4.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa**

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna strax til slökkviliðs, hafnaryfirvalda og Umhverfisstofnunar sem meta hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun sérstaklega um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

### **4.6 Tryggingar**

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

### **4.7 Þjálfun starfsmanna**

Starfsmenn og þjónustuaðilar, þar með taldir bílstjórar og vaktmenn, skulu fá viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til að vinna í stöðinni svo og kennslu og æfingu í því hvernig bregðast skal við mengunaróhöppum samkvæmt viðbragðsáætlunum. Jafnframt skulu þeir hljóta staðgóða fræðslu um eiginleika allra olíutegunda sem meðhöndlaðar eru í stöðinni. Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila um allar breytingar sem verða varðandi þjónustuaðila. Skrá skal alla þjálfun starfsmanna í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

### **4.8 Umhverfi**

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni.

### **4.9 Eftirlit**

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með ákvæðum starfsleyfisins. Eftirlitið felur í sér árlega skoðun þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun vatns, andrúmslofts eða jarðvegs ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs.

Viðbótareftirlit felst m.a. í:

- Skoðun vegna nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana.
- Sérstökum úttektum á tækjum og búnaði.

#### **4.10 Breytingar á mælingum**

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

#### **5. GJALDSKYLDA**

Fyrirtækið greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk skv. gr. 24b í fylgiskjali I í reglugerð nr. 785/1999. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

#### **6. GILDISTAKA.**

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2027.

**Umhverfisstofnun,**

**20. janúar 2011**

  
Kristín Linda Árnadóttir

  
Gunnlaug Einarsson